



## **264. Stjórnarfundur haldinn 2. mars 2006 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, og Bjarney.**

### **1. Skipting stjórnar.**

Tillaga um Kára Gunnlaugsson sem varaformann, Þórð Magna Kjartansson sem gjaldkera, Sigurvin Guðfinnsson sem ritara og Birgir Ingibergsson meðstjórnandi. Tillagan samþykkt.

### **2. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

### **3. Innkomin bréf.**

Bréf frá ÍSÍ v/ skil á starfskýrslum en þeim á að skila 15. apríl 2006.

### **4. Send bréf.**

Bréf til skattstjóra Reykjanesumdæmis v/ skil á virðisaukaskýrslum. Óskað eftir því að vera áfram í árskilum. (Höfum fengið leyfi til að vera í árskilum eftir símtal við Ólöfu F. Kristjánsdóttur)

Bréf til MÍT v/ betri og stærri aðstöðu fyrir taekwondódeild.

### **5. Önnur mál.**

Námskeið á vegum ÍRB, ÍSÍ, RNB og lögreglunnar í Keflavík Forvarnir- og uppeldisgildi íþróttar er lokið og verður haldinn opinn fundur fyrir stjórnarfólk og foreldra 15. mars (í FS kl. 20). Fara að huga að tímasetningu fyrir fundi með stjórnnum deilda. Drög að heiðursmerki og heiðurskross liggur frammi. Halda áfram viðræðum við bæjaryfirvöld með byggingu nýs félagsheimilis. Halda áfram að skoða með ritun á sögu félagsins. Halda áfram með nefndina hvað ef verður slys á iðkendum eða þjálfurum ??? Kirkjudagur Keflavíkur er nú um helgina og er einnig æskulýðsdagur kirkjunnar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:40.

